

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, nr. 58/1998 (leyfisveitingar, málsmeðferð o.fl.) Mál nr. 317 frá nefndasviði.

Inngangur.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir áhuga yfirvalda á að eignamörk sjávarjarða til hafsins verði skilgreind og virt. Þetta er löngu tímabært verkefni og vonandi næst niðurstaða sem sátt ríkir um. Við lestur frumvarpsdraga og meðfylgjandi skýringa vakna spurningar bæði á formi og innihaldi sem ég geri nánari grein fyrir hér á eftir. Þar sem ég er eigandi jarðar sem á land að sjó einbeiti ég mér að þeim þætti þar sem um mjög mikið hagsmunamál er að ræða. Í mínum huga eru það tveir aðilar sem eiga sjóinn og sjávarauðlindina saman en það eru eigendur sjávarjarða og svo við öll saman eða ríkið eins og við gjarnar köllum það. Að þessu gefnu gefur það auga leið að fiskistofnarnir eru í óskiptri sameign þessara aðila og því á að skipta auðlindagjaldinu á milli þeirra eftir eignarhlutum. Sveitarfélög eiga margar sjávarjarðir og því umhugsunarvert að þau skuli ekki verja réttindi þegnanna og krefjast hlutdeildar í auðlindagjaldinu. Þá er komið að stærð netlaga sem skiptir auðvitað miklu máli í þessu sambandi en þar er um tvær skilgreiningar að ræða, dýptarviðmið og fjarlægðarreglu sem báðar miða við stórstraumsfjöru. Lögin um dýptarviðmiðið gefa í flestum tilfellum mun stærra hafsvæði en fjarlægðarreglan og gilda um allt sem tengist fiskveiðum á ummræddu svæði en einnig þaratekju. Það eru því miklir eignaréttarlegir hagsmunir í húfi. Ég mun aðalega fjalla um 5. gr. og greinargerð með henni en mig langar að benda á að frumvarpsdrögin og skýringarnar í gáttinni eru ekki þau sömu og voru send á valda hagsmunaaðila. Í gáttinni eru gögnin merkt í vinnslu og vantar þar m.a. skýringar við grein 7 og 8.

Athugasemdir við 5. gr.

Ég vil kveða fastar að orði í fyrstu málsgreininni og segja „Þegar nefndin tekur landsvæði utan strandlengju meginlandsins til meðferðar ber henni að skora á þá sem kalla til eignarréttinda þar.....“ í stað „er henni heimilt“.

Ég vil einnig benda á að eignarréttur er varinn af stjórnarskrá og því svolítið gáleysislegt að tala um að „Eignaréttur falli ekki niður þótt rétthafar láti hjá líða að lýsa þeim á þessu stigi málsmeðferðarinnar,.....“

Í raun er 5. gr. óþörf og mikið auðveldara væri að fylgja gildandi lögum þar sem fram kemur að landamerki sjávarjarða eru dýptarviðmið samkvæmt Jónsbókarlögum sem er 4 faðmar eða 6,88 metrar út frá meginlandi, hölmum, skerjum, dröngum og steinum, sem upp úr sjó rísa á stórstraumsfjöru. Að öllum líkindum er netlaga skilgreining Jónsbókar besta, einfaldasta og eðlilegasta skilgreining á landamerkjum jarða sem Óbyggðanefnd hefur fengist við hingað til þar sem hún er allstaðar sú sama hringinn í kringum landið. Seinnitíma lög sem miða við fjarlægðarregluna 60 faðma eða í dag 115 metra frá stórstraumsfjöruborði mega vera þarna en alltaf hlítur það sem lengra nær að ráða því hvað gert er innan svæðisins, það er menn geta ekki leyft námuvinnslu utan 115 metra netlaga en innan dýptarviðmiðis netlaga ef það nær lengra út.

Athugasemdir við greinargerðina.

Greinargerðin sem síðar verður notuð til lögskýringa er görótt. Þarna eru talin upp nokkur lög þar sem netlög eru skilgreind 115 metrar út frá stórstraumsfjöruborði. Það vekur upp spurningar að elstu og helstu lögunum sé sleppt úr greinargerðinni en það eru Jónsbókarlögin frá 1281 sem enn eru í fullu gildi en þau gilda meðal annars um aðal hagsmunamálið eða fiskveiðar. Áhyggjur höfunda greinargerðarinnar um að það sé mikil vinna að eiga við þetta gef ég ekki mikið fyrir því þetta liggur allt á borðinu nú þegar bundið í lög.

Virðingrafyllt

Bjarni M. Jónsson, eigandi sjávarjarðar og sérfræðingur í haf og strandsvæðastjórnun